



Stafrænt ráð

Reykjavík, 19. maí 2025

PON24080006

UMSÖGN

Umsögn mannréttindaráðs um drög að styrkjareglum Reykjavíkurborgar

Mannréttindaráð þakkar fyrir vel unna yfirferð á styrkjareglum borgarinnar. Reglurnar eru settar fram með skýrari og einfaldari hætti en fyrri reglur. Varðandi aðgengi umsækjenda að styrktarkerfi Reykjavíkurborgar, vill ráðið benda á að undir kafla III - gr. 9 er tækifæri til að auka aðgengi með þeim hætti að gera styrkumsækjendum kleift að að skila styrkumsókn á pappír. Einnig þarf að skýra í reglunum hvort tekið sé við umsóknum á öðrum tungumálum en íslensku og ef svo er, þarf að bjóða upp á upplýsingagjöf á viðkomandi tungumáli.

Ráðið tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að úthluta tvisvar á ári sem kemur til móts við eðli og starfsemi grasrótastarfs einstaklinga og félagasamtaka. En jafnframt hvort ástæða sé til að taka sérstaklega fram í styrkjareglum Reykjavíkurborgar hvort hvert fagráð geti tekið ákvörðun um að halda eftir ákveðinni upphæð til næsta úthlutunartímabils.



Reykjavík